

Hvað finnst þér?

Nú gefst íbúum tækifæri til að láta skoðun sína í ljós hvað varðar skipulag leikvalla í Stykkishólmsbæ. Sett hefur verið upp netkönnum til að kanna vilja fólkis í þeim efnunum og verður opinn samráðsfundur haldinn í kjölfarið.

Eins og fram hefur komið á vefsíðu Stykkishólmsbæjar var bætinn valinn einn af fjórum sveitarfélögum til að taka þátt í íbúasamráðsverkefni sem sett var á legg af Sambandi íslenskra sveitafélaga og Akureyrarbæ. Verkefnið snýst um að aðstoða þátttökum sveitarfélögum við að beita þeim samráðsaðferðum sem kynntar eru í handbók sambandsins frá 2017: „Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttaka íbúa“. Auk Akureyrar voru Kópavogur, Stykkishólmur og Norðurþing valin til þátttökum í verkefnið.

Íbúasamráð um leikvelli

Verkefni Stykkishólmsbæjar snýr í meginindráttum að því að fá íbúa til samráðs um skipulag og útfærslu leikvalla í bænum. Með því er leitast eftir að gefa íbúum tækifæri á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og nýta krafta þeirra og þekkingu til þess að gera breytingar sem henta íbúum bæjarins. Lokaafurð þessa verkefnis er ekki eingöngu góðir leikvellir og breið sátt um þá, heldur einnig aðferðafrædi sem nýta má við fleiri ákvárdanir Stykkishólmsbæjar pega fram líða stundir.

myndir sem kynntar voru í henni voru teknar til umfjöllunar m.a. í umhverfis- og náttúruverndarnefnd og íþróttar- og æskulýðsnefnd og var niðurstaða nefndanna í meginatriðum sú að fækka stórum leiksvæðum frá því sem fram kemur í skýrslu frá árinu 2012 og leggja í því sambandi áherslu á að stærri leikvellir yrðu staðsettir við Lágholt og Skúlagötu, ásamt því að skoða möguleika á minni leikvöllum fyrir yngsta aldurhópinn inn í öðrum hverfum bæjarins. Voru tillögurnar teknar fyrir íbæjarráði og bæjarstjórn og fengu jákvæðar undirtektir og var bæjarstjóra falið að vinna málid áfram með hlíðsíðum af fram komnum tillögum og leita samráðs við íbúa.



Frá íbúagöngu bæjarstjóra og tómstunda- og æskulýðsfulltrúa þar sem íbúar af erlendu bergi brotnu voru heimsóttir og farið yfir verkefnið.

Í ágústmánuði síðasta árs gekk bæjarstjóri ásamt bæjarfulltrúum og öðrum fulltrúum bæjarins með íbúum um öll hverfi Stykkishólms og átti samtal um nánasta umhverfi, frágang og framkvæmdir í bænum,

Á dögunum gekk svo Magnús Ingi ásamt bæjarstjóra í hús þar sem íbúar af erlendu bergi brotnu voru heimsóttir í von um að fá þeirra



Frá Umhverfisgöngu í ágúst 2019.



Leikvöllur í Stykkishólmum.

Þeir Magnús Ingi Bæringsson, tómstunda- og æskulýðsfulltrúi, Gunnlaugur Smárason, bæjarfulltrúi, og Jón Sindri Emilsson, aðstoðarmaður bæjarstjóra, mynda vinnuhópinn sem leiðir verkefnið undir stjórn bæjarstjóra.

Mikil vinna nú þegar unnin

Skipulag leikvalla í Stykkishólmi hefur lengi verið í umræðunni og mikil vinna hefur nú þegar átt sér stað. Árið 2012 var unnin vönduð skýrsla um framtíðarskipulag gönguleiða, stíga og leikvalla í landi Stykkishólmsbæjar. Skýrslan og þær hug-

þ.m.t. leikvelli bæjarins. Þar var framtíðarskipulag leikvalla gert að umræðuefni og ekki annað að heyra en bæjarbúar væru sáttir við þær áherslur sem fram höfðu komið frá fastaneftendum bæjarins.

Vinnuhópurinn fundaði fyrr í vetrur með nemendum leik- og grunnskóla þar sem leitast er eftir að fá viðbrögð frá helstu hagsmunaaðilum, þ.e. börnum. Búið er að mynda stýrihóp til að halda utan um verkefnið í dag sem samanstendur af fulltrúum foreldrafélaga skólanna í Stykkishólmi ásamt fulltrúum frá öllum listum.

viðbrögð og hvetja til þátttökum í samræmi við ríka áherslu um að nálgast sem flesta, sér í lagi þá sem síður eru líklegir til þátttökum, svo niðurstaðan verði á besta veg og endurspegli sem flest sjónarmið.

Vinnuhópurinn hefur sett í loftið netkönnum sem má nálgastá vefsíðu Stykkishólmsbæjar og eru íbúar bæjarins hvattir til að taka þátt og láta skoðanir sínar í ljós.

Næstu skref

Fyrirhugað er að halda íbúafund á næstunni þar sem verkefnið verður kynnt nánar og íbúum gefinn kostur á að koma sínum hugmyndum á framfæri. Íbúafundurinn verður auglýstur síðar. Rétt er að það komi fram að tekið verður mið af þróun málá varðandi Covid-19 veirunnar, en einnig eru til skoðunar aðrir möguleikar til að koma upplýsingum á framfæri til íbúa, t.d. með upplýsingafundi sem streymt yrði á netinu.

Föstudaginn 27. mars sækja fulltrúar hinna þátttökusveitarfélagana í íbúasamráðsverkefninu Hólminn heim, kynna sér verkefni hvors annars og fá leiðsögn frá ráðgefandi aðilum sem koma að verkefnið.

Að lokum er ítrekað mikilvægi þess að Hólmrar taki þátt í netkönnum á vefsíðu bæjarins, www.stykkisholmur.is, svo niðurstaða verkefnisins spegli vilja sem flestra bæjarbúa.

Magnús Ingi Bæringsson
Gunnlaugur Smárason
Jón Sindri Emilsson

